

Skýrsla æskulýðsnefndar Ljúfs til LH fyrir starfsárið 2007-2008.

Í æskulýðsnefnd störfuðu á tímabilinu Jóhanna Sveinsdóttir, Charlotte Clausen, Dís Aðalsteinsdóttir, Baldur Guðmundsson og Auður Jónsdóttir.

Sameiginlegur reiðtúr Ljúfs, Háfeta og Sleipnis

Sameiginlegur hvítasunnureiðtúr æskulýðsnefnda Ljúfs, Háfeta og Sleipnis féll niður þetta árið þar sem mjög lítil þátttaka var, átti reiðtúrin að vera í okkar umsjá þetta árið og höfðu aðeins 3 frá Ljuf skráð sig og 2 frá Sleipni þegar fara átti.

Reiðnámskeið

Reiðnámskeið voru fjögur á starfsárinu. Í febrúar- mars fóru 8 börn á reiðnámskeið á Votmúla hjá Möggu Báru, boðið var upp á tvö átta skipta námskeið fyrir yngstu börnin, um helmingur barnanna tók bæði námskeiðin.

Í mars var svo haldið námskeið fyrir börn sem eru komin aðeins lengra í hestamenskunni. Það var haldið á Ingólfshvoli og var alls 12 kennslustundir. 13 börn tóku þátt í námskeiðinu og kennari var Viðar Ingólfsson.

Annað námskeið var í febrúar-mars fyrir unglíngana. Var það haldið á Hvoli í Ölfusi og var Þorvaldur Á. Þorvaldsson kennari, alls tóku 6 börn þátt í því námskeiði og voru kennslustundir 8.

Í júní var svo haldið námskeið á Eldhestum í samvinnu við Hveragerðisbæ. 44 börn tóku þátt í því námskeiði sem var í 2 vikur og komust færri að en vildu, þátttakendur voru á aldrinum 4-13 ára og kennari var Sigrún Sigurðardóttir.

Æskan og hesturinn

Þann 29.mars fóru börn úr félaginu og foreldrar þeirra og fylgdust með sýningunni Æskan og hesturinn. Var góð mæting og höfðu allir gaman af.

Fánareid 17.júní.

Eins og venjan er á 17. júní þá tóku unglíngarnir í Ljuf þátt í hátíðahöldunum á 17. júní í Hveragerði og fóru þar í broddi fylkingar í skruðgöngu um bæinn og teymdu undir börnum.

Fyrir hönd æskulýðsnefndar Ljúfs
Jóhanna Sveinsdóttir